



**Bandalag íslenskra listamanna**  
*Federation of Icelandic artists*

## Umsögn Bandalags íslenskra listamanna um fjármálaáætlun 2019-2023

Ríkisstjórnin setti sér metnaðarfulla menningarstefnu árið 2013 og það má vissulega sjá samhljóm með þeirri stefnu og ýmsu því sem hreyft er við í textanum um menningu og listir í fjármálaáætlun 2019-23, það er gott og til sóma að sjá þá stefnu sem lifandi plagg við gerð áætlunarinnar. En það er ekki samhljómur með þeim texta og tölum sem birtast í áætluninni.

Það var vissulega nokkur hækkun á framlögum til málaflokksins í fjárlagafrumvarpi fyrir 2018 frá fjármálafrumvarpi 2017, eða rúmlega 20% á milli ára. Lengi hefur verið barist fyrir því að ná til baka þeirri skerðingu sem varð á framlagi til listarinnar í landinu í kjölfar hrunsins, en vegna líttillar þekkingar á hagtölum og vísum lista- og menningargeirans, hefur bara verið hægt að áætla hversu mikið framlag til, þessa málaflokks, rýrnaði á árunum eftir hrun, en 25-30% hefur verið sú tala sem skotið hefur verið á. Með þessari hækkun sem er kynnt í fjárlagafrumvarpinu 2018 má kannski segja að eitthvað af skerðingunni sé að skila sér aftur heim, en slæmu tíðindin eru þau að engin vöxtur er á þessum lið í framhaldi, eða frá 2020 til 2023. Raunar gerir áætlunin ráð fyrir lækkun í krónum talið, svo í enda þessa tímabils sem fjármálaáætlunin nær yfir lítur út fyrir að við verðum komin á svipaðan stað og áður. Eins er ekki nokkur leið að átta sig á því hver hlutur listarinnar er í þessum tölum, því þeim er ekki deilt upp í efnisflokkka eins og í fjárlagafrumvarpinu.


En í fjármálaáætluninni, stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og menningaráætluninni frá 2013 eru áætlanir um úttekt og skráningu á hagvísnum listarinnar og berum við miklar væntingar til þeirrar vinnu og vonumst til að það muni varpa skýrara ljósi á umsvif listarinnar svo hægt verði að tala um hið efnahagslega umhverfi listarinnar af meiri ábyrgð.

Talandi um ábyrgð þá verðum við að tala um hina listrænu ábyrgð sem svo vel er tlfunduð í Menningarstefnu ríkisins. Það er hægt að segja að andi þeirrar stefnu sé, að hlutverk stjórnvalda sé að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði listarinnar og menningarinnar. Hvaða skilyrði eru það? Það þýðir í raun að listamenn búi við starfsumhverfi sem skapar þeim svigrúm til að semja, flytja verk sín og eiga samtál við fólkið í landinu. Auðlind menningarinnar er starf listamannanna. Skilyrði þeirra og vinnu umhverfi er með ýmsu móti. Sumir vinna við stofnanir s.s. Þjóðleikhús, Sinfóníuhljómsveit Íslands eða Óperuna. Stór hópur fjármagnar sín verkefni úr verkefnasjóðum s.s. sviðslistasjóði, tónlistarsjóði eða kvikmyndasjóði og svo eru það starfslaun

listamanna sem óhætt er að tala um sem hornstein hins listræna starfs. Stofnanirnar allar og verkefnasjóðir eru á þeim stað í dag að vera á mörkum þess að geta staðið undir skyldum sínum. BÍL sendi inn greinagerð vegna síðasta fjárlagafrumvarps 2018, þar sem við gerum vel grein fyrir stöðu ýmissa stofnana, verkefnasjóða og starfslauna sem benda á þá staðreynd. Starfslaunasjóðirnir eru það sem helst brennur á listamönnum, þeir eru grunnurinn að listsköpun í landinu og á meðan við erum svo upptekin í átaksverkefnum til að ná utan um mál sem setið hafa á hakanum, en eru vissulega þörf, sjáum við starfslaunin rýrna. Starfslaunin og verkefnasjóðirnir eru gólfíð í menningaruppbyggingunni, þau mynda stöðuleikann og framvindu í starfi listamannana .

Það eru jákvæð atriði í fjárlagaáætluninni eins og að vinna að innleiðingu á grunni starfshóps um bókmenningsstefnu og fyrirheit um eflingu "Listar fyrir alla" sem er gríðarlega mikilvægt. Börn eiga rétt á aðgengi að list óháð búsetu, efnahag og ekki síður uppruna. Í samfélagi sem tekur stórstíguum breytingum er gríðarlega mikilvægt að börn hafi tækifæri á að þróa með sér menningarlæsi svo þau geti notið listarinnar þegar fram í sækir, það eykur víðsýni eyðir fordómum og undirbýr þau undir samfélag sem á eftir að verða fjölbreyttara og að öllum líkindum eftir að byggja tilvist sína, í samskiptum og atvinnulífi á skapandi hugsun og lausnum. Við verðum að styrkja starfslaunin og verkefnasjóðina ef við ætlum að vera þátttakendur í skapandi alþjóðlegu umhverfi framtíðarinnar, ef við ætlum að auka víðsýni og umburðarlyndi, verðum við að efla listina og þátt hennar í samfélaginu núna, ekki seinna en núna! Þessi fjármálaáætlun gefur ekki fyrirheit um að við séum að fjárfesta í framtíðinni .

Fyrir hönd Bandalags Íslenskra listamanna



Erling Jóhannesson